

Ágætu félagar

Tilfni þess að við erum hér samankomin í dag er bæði ánægjulegt og þarft. Fræðsla og þjálfun eru alltaf af hinu góða og það er nauðsynlegt fyrir okkur sem höfum valist til forystu í verkalýðshreyfingunni að vera reiðubúin til að tileinka okkur alla þá þekkingu sem okkur stendur til boða og getur nýst okkur í starfi.

Annars er það nú gjarnan þannig að þegar manni er stillt upp frammi fyrir stórum spurningum – eins og hvert sé framtíðarhlutverk verkalýðshreyfingarinnar – þá verður maður hálf hvumsa. Ekki svo að skilja að ég hafi neinar efasemdir um að hún hafi mikilvægu hlutverki að gegna – ef til vill sem aldrei fyrr – heldur er spurningin næstum of stór til að henni verði svarað með einföldum hætti.

Við getum hins vegar reynt að nálgast málið úr annarri átt. Hefur einhver í alvöru efast um hlutverk og mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar fram að þessu? Ég minnst þess ekki að hafa heyrt neina slíka umræðu eða fullyrðingar sem hafa verið settar fram í alvöru. Fjarri því.

Flest málsmetandi fólk er þeirrar skoðunar að verkalýðshreyfingin hafi gegnt mikilvægu hlutverki í að byggja upp og móta það samfélag velferðar og samtryggingar sem við búum við í dag. Það er jafnframt viðurkennd og útbreidd skoðuna að við byggjum ekki við þá hagsæld sem við gerum hefði verkalýðshreyfingarinnar ekki notið við.

Þið eruð sjálfsagt búin að átta ykkur á því hvert ég er að fara. Ég er að leiða rök að þeirri skoðun minni, að verkalýðshreyfingin eigi nákvæmlega sama erindi við nútímann og framtíðina eins og hún átti við fortíðina.

Ég er þeirrar skoðunar að grundvallaráherslurnar og hlutverkin séu þau sömu – baráttan fyrir bættum kjörum og bættu samfélagi.

Þó áherslurnar séu í grundvallaratriðum þær sömu, er ekki þar með sagt að aðferðirnar þurfi nauðsynlega að vera þær sömu – og það er í og með þess vegna sem við stöndum fyrir þessu námskeiðahaldi fyrir forystumenn.

Þó ég leyfi mér að halda því fram að grundvallarviðfangsefnin séu þau sömu í grundvallaratriðum, þá eru birtingarmyndirnar mismunandi og krefjast nýrrar nálgunar af okkar hálfu og nýrra lausna.

Þannig hefur alþjóðavæðingin í viðskiptum sannarlega sett viðfangsefnin í töluvert annað samhengi en við höfum átt að venjast. Hún kemur fram í röskuðu jafnvægi á vinnumarkaði. Íslenskur vinnumarkaður er ekki lengur einangraður. Hingað koma erlend fyrirtæki til að sinna ákveðnum verkefnum – stórum og smáum. Þau flytja gjarnan með sér starfsfólk og ýmsa siði í samskiptum við starfsfólk sem okkur er framandi og sumt ekki að skapi.

Stærsta hættan í því sambandi er vitaskuld að bæði þeir – og íslenskir atvinnurekendur í kjölfarið – nýti sér erlent vinnuafli til félagslegra undirboða hér á landi. Við höfum dæmin í því sambandi og þurfum alltaf að vera á verði. Ég óttast að baráttan gegn félagslegum

undirboðum verði viðvarandi viðfangsefni á komandi árum og þá er eins gott að verkalýðshreyfingin sé í stakk búin til að grípa inn í.

Verkalýðshreyfingin hefur auðvitað brugðist við. Barátta hennar hefur á sér alþjóðlegt yfirbragð í ríkari mæli en við höfum séð á undanförunum áratugum. Við höfum starfað með hinum Norðurlöndunum innan norrænu verkalýðssamtakanna, með öðrum Evrópulöndum í Evrópusambandi verkalýðsfélaga og við höfum tekið þátt í starfi Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga. Þetta starf hefur eflst á undanförunum árum – enda hefur þörfin fyrir sameinaða krafta aukist.

Það er þó ekki einungis alþjóðavæðingin sem hefur kallað á nýjar nálganir að því er varðar gamalkunnug viðfangsefni. Breytingar á atvinnulífinu hér heima fyrir hafa sett mark sitt á okkar daglegu viðfangsefni.

Þær breytingar sem hafa orðið á eignarhaldi fyrirtækja á Íslandi hafa gert til okkar nýjar kröfur. Hér áður fyrr var hægt að ganga út frá því sem vísu að fyrirtæki væru staðsett á ákveðnum stöðum á landinu og á þeim stöðum þurfti að leysa þau vandamál sem komu upp. Þessu fylgdi beinn og greiður aðgangur að forystumönnum fyrirtækjanna og iðulega var kunningskapur á milli manna.

Atvinnurekendur báru ábyrgð gagnvart byggðarlaginu og þeir skynjuðu hana og öxluðu oft og tíðum. Oft var tekist á – enda miklir hagsmunir í húfi, en menn leystu málin oftast þannig að hagsmundir byggðarlaganna og starfsfólksins voru teknir með í reikninginn.

Með því að mörg þessara fyrirtækja hafa verið sett á hlutabréfamarkað hefur þessi mynd breyst. Eignarhaldið hefur fjarlægst og fjarlægð eigendanna frá vettvangi og þeim vandamálum sem blasa við í einstökum fyrirtækjum og byggðarlögum hefur áhrif á ákvarðanir þeirra.

Eina sjónarmiðið verður að hámarka arðinn af hlutabréfunum. Í slíku fyrirkomulagi telja menn sig ekki bera ábyrgð gagnvart samfélaginu – eingöngu gagnvart hluthöfunum.

Við erum annarrar skoðunar. Við höfum haldið þeirri skoðun á lofti, að til þess að tryggja mannsæmandi lífskjör fyrir alla, sé nauðsynlegt að flétta saman umfjöllun um efnahagsmál, atvinnumál og félagsmál. Ákvörðun á einum vettvangi hafi óneitanlega áhrif á hinum sviðunum og ákvarðanir beri að skoða í ljósi þeirra áhrifa sem þær hafa.

Við höfum því leitast við að vekja upp umræðu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Það eru fleiri en hluthafarnir sem hafa lagt grunn að arðinum og eiga tilkall til hans.

Til þess að sneiða nú ekki alveg hjá spurningunni um framtíðarhlutverk verkalýðshreyfingarinnar, þá langar mig að draga fram eina staðreynd. Ég held því fram, að þar sé um að ræða þróun sem við eigum eftir að sjá í enn ríkari mæli á komandi árum.

Þá er ég að tala um þá þróun sem við höfum orðið vitni að undanfarið í þá veru að verkalýðshreyfingin fjalli ekki einungis um kaup og kjör í þröngum skilningi, launataxta,

vinnutíma, vinnuaðstæður og þess háttar. Hlutverk hennar hefur orðið víðtækara og viðameira.

Við getum tekið ýmis dæmi þessu til stuðnings. Verkalýðshreyfingin hefur í vaxandi mæli gert sig gildandi þegar kemur að umræðu í efnahagsmálum, atvinnumálum, fæðingarorlofsmálum og ýmsum fleiri málaflokkum. Undanfarið hafa málefni útlendinga verið fyrirferðarmikil og sérstök áhersla hefur verið lögð á menntamálin, enda bætt menntun ein allra besta leiðin að bættum lífskjörum.

Þannig má færa að því rök, að viðfangsefni og verkefni verkalýðshreyfingarinnar verði enn víðtækari og umfangsmeiri í framtíðinni en þau hafa verið. Ég fullyrði, að þátttaka verkalýðshreyfingarinnar í verkum sem tengjast t.d. ofangreindum málaflokkum hefur fært ýmislegt til betri vegar.

Við þurfum því ekkert að læðast með veggjum þegar kemur að því að rökstyðja tilvist verkalýðsfélaga. Það má e.t.v bæta einu við – sem við þurfum að rækta betur. Þetta námskeið er liður í því en við eigum að gera miklu meira. Við eigum að leggja meiri rækt við það að upplýsa félagsmenn og þá sem standa utan verkalýðsfélaga um mikilvægi þess að vera í verkalýðsfélögum. Það á enginn að komast upp með – að hafa efasemdir um að þannig er hagsmunum hans best borgið.

Þetta þýðir að við þurfum að vinna gegn því viðhorfi sem við heyrum alltof oft – “hvað græði ég á því að vera í verkalýðsfélagi?”. Ekki með því að banna spurninguna og ekki með því að banda henni frá okkur. Við þurfum að vinna gegn því með því að sýna fólki fram á að hag þess sé best borgið með því að vera í verkalýðsfélagi. Við höfum engar efasemdir – en við þurfum að beita sannfæringarkraftinum til að upplýsa og sannfæra aðra.

Tilvist félagsmálaskólans – það samstarf sem hann hvílir á - sýnir okkur líka fram á mikilvægi þess að verkalýðsfélög og samtök þeirra starfi saman að sameiginlegum viðfangsefnum. Hér höfum við gott dæmi um blómstrandi samstarf og á þessu námskeiði er leitast við að gera þátttakendur enn hæfari til að tala fyrir því sjónarmiði að það borgi sig að vera í verkalýðsfélagi – það borgi sig að taka samfélagslega ábyrgð.